

um ástandið í Reykjavíkur kaupstað frá 1. janúar til 31. ágúst f. á. og í Norðurmúlasýslu um tímabilið frá 1. janúar til 15. septbr. f. á., en þesskonar skýrslur skal senda til yðar beina leið, samkvæmt erindisbréfi fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi, 29. júní 1872, 13. gr. 1874.
27. febrúar.

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um verzlun á Vestdalseyri. 27. febrúar.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yður, herra landshöfðingi, dagsett 17. nóvbrm. f. á., og bænarskrá frá hinu íslenzka verzlunarfélagi, sem nefnist Gránufélag, hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 26. p. m. allramildlegast, að fallast á, að leyfa megi tæðu félagi að reka fasta verzlun í verzlunarhúsum sínum á Vestdalseyri í Norðurmúlasýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, um 3 ár frá byrjun yfirstandandi árs.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtuð það, og skal því við bætt, að úrskurður þessi er birtur forstöðumanni félagsins, sem um þessar mundir hefir dvöl hér í bænum.

19. Tilskipun um að ákvarðanir þær um stundar sakir, sem almenn hegningarlög handa Íslandi, 25. júní 1869, 307 gr., hafa inni að halda, skuli falla úr gildi að nokkru leyti. (á Íslenzku og Dönsku). 28. febrúar.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að búið er að koma upp hegningarhúsi fyrir Ísland í Reykjavík, sem sameinað er fangelsi fyrir Reykjavíkurbæ og hinar aðrar þinghár í suðurumdæmi Íslands, að Vestmannaeyjum undanteknum, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið,